

2. fundur Fagráðs um símenntun kennara í mennta- og menningarmála- ráðuneytinu, fimmtudaginn, 10. okt. 2013, kl. 15-17. (DRÖG)

Mættir: Björg Pétursdóttir, MMR, Ársæll Guðmundsson, MMR, Anna María Gunnarsdóttir, KÍ/FF, Jón Torfi Jónasson, HÍ, Svanhildur M. Ólafsdóttir, KÍ/SÍ, Kristín Valsdóttir, LHÍ, Ólafur H. Sigurjónsson, KÍ/FSF, Björg Bjarnadóttir, KÍ/FL, Haraldur Árni Haraldsson, STS, Ragnheiður Stefánsdóttir, SÍS, Björn Þráinn Þórðarson, SÍS, Klara E. Finnbogadóttir, SÍS, Guðbjörg Ragnarsdóttir, KÍ/FG, Guðmundur Engilbertsson, HA, Gunnar Gíslason, SÍS og Sigurjón Mýrdal, MMR, sem stýrði fundi.

Forföll: Magnús Lyngdal Magnússon, MMR, Ingibjörg Kristleifsdóttir, KÍ/FSL og Sigrún Grendal, KÍ/FT.

1. Frásögn af starfi stýrihóps

- Stýrihópur hefur haldið 6 fundi frá því í maí og þetta er annar fundur fagráðsins. Minnisþingar eru til frá fundum stýrihópnum sem verður dreift til fagráðsins.
- Vinnan stýrihópsins hefur einkennst af því að skilgreina verkefni og stefnu vinnunnar í heild sinni. Sigurjón útskýrir þau 11 atriði sem stýrihópurinn leggur áherslu á í vinnunni.
- Þrátt fyrir að samdráttur í fjárframlögum til reksturs fagráðsins komi fram í fjárlagafrumvarpinu má reikna með rekstrarfé af safnliðum ráðuneytisins. Stuðningur við fagráðið er til staðar hjá ráðherra.
- Ísland er með formennsku í Norrænu samstarfi árið 2014 og á dagskrá er að hafa Norræna ráðstefnu um starfsþróun kennara. Leitað hefur verið til fagráðsins um að undirbúa þessa ráðstefnu.
- Tillaga stýrihópsins er að fagráðið hittist að nýju á vinnufundi 22. nóvember kl. 10:00 - 16:00 til að vinna starfsáætlun fagráðsins. Í framhaldinu er hægt að vinna nákvæmari fjárhagsáætlun
- Á þessum fundi þurfum við að kynna hvernig stýrihópurinn sér vinnuna fram ganga í fagráðinu. Umræður um þau 7 viðfangsefni sem tíunduð eru undir D - lið í gögnum fundarins.

Björg B.

Dreifir samþykkt framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ frá 3. okt. 2014 þar sem áréttað er mikilvægi fagráðsins og þess að það fái stuðning og fjármagn til að sinna törfum sínum. KÍ leggur einnig fram tillögur um hvernig nýta megi fjármagnið.

Björn Þráinn

Nefnir að hann sé lítið inn í málum þar sem hann hafi ekki fengið neinar fundargerðir um vinnu stýrihópsins. Hann vill gjarnan að stýrihópurinn skrifi fundargerð og sendi út eftir hvern fund.

Jón Torfi

Er sammála því að fundargerðir hefðu mátt fara út eftir hvern fund stýrihópsins. Mikilvægt að fagráðið taki ákvarðanir og marki stefnuna. Stýrihópurinn er undirbúningshópur fyrir vinnu fagráðsins.

Haraldur

Tekur undir mikilvægi þess að fá upplýsingar jafnharðan og fundum lýkur hjá stýrihópnum. Varðandi tónlistarskóla er mikilvægt að gerð verði könnun hvernig starfsþróunarmálum er háttað í tónlistarskólum landsins. Allt á huldu í þeim efnunum

hjá tónlistarskólakennurum. Auglýsing um starfsmann - athugasemd kemur fram um að það vanti að minnst á tónlistarskóla.
Sigurjón mun kynna samþykkt framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ í ráðuneytinu.

2. Ráðning starfsmanns

Starfsmaður hefur enn ekki enn verið ráðinn til starfa fyrir fagráðið. Ekki hefur enn fengist heimild ráðuneytisins til að birta auglýsingu enn. Drögum að auglýsingu var dreift með fundagögnum.

Anna María: Gerir athugasemdir við drög að auglýsingu og kemur þeim til Sigurjóns.

Haraldur: Gerir athugasemd við auglýsinguna - vantar að nefnda tónlistarskóla.

Björn: Nauðsynlegt er að hafa starfsmann til að undirbúa og vinna á vinnufundinum. Auglýsingaferlið?

Sigurjón telur varasamt að nefna nokkra tímasetningu. Ráða ætti verktaka til að vinna fyrst um sinn.

3. Starfsáætlun fagráðs (Vinnuskjal)

Fulltrúar stýrihópsins greindu frá viðfangsefnum sem skilgreind hafa verið og fagráðið gæti mögulega glímt við.

a. Svanhildur. Greina þarf fyrir símenntun/starfsþróun kennara og skóla

Ekki liggur fyrir slík þarfagreining. Þetta má gera með ýmsu móti, s.s. könnunum eða rýnihópum

Kristín: Er ekki komi nóg af könnunum og skýrslum um þessi mál. Þurfum við að grafa áfram sama skurðinn.

Jón Torfi: Verðum að ræða undirlag fyrir vinnufundinn 22. nóv. og stilla saman strengina

Björn: Skoða þarf tengsl starfsþróunar og kjarasamninga

Björg B: Fagráðið þarf að taka saman hvað á að gera. Upplýsingar koma frá stýrihópnum.

b. Ársæll. Skilgreina og ræða mismunandi símenntun/starfsþróun.

(Vinnuskjal) Starfsþróun getur verið með ýmsu móti.

Björn: Mikilvægt er að fá yfirlit um það sem er í boði og hverjir standa fyrir því.

Sigurjón: Ólík menning ríkir í þessu efni á mismunandi skólastigum.

c. Jón Torfi. Skilgreina hlutverk, ábyrgð og skyldur mismunandi aðila á símenntun/starfsþróun. (Vinnuskjal)

Mikilvægt er að sammælast um viðfangsefni og verkaskiptingu aðila. Fagráð stýrir engu en getur ráðlagt og beint hugmyndum til aðila.

Anna María bendir á að huga þarf sérstaklega að stöðu framhaldsskólana. Þeir heyra beint undir ráðuneytið.

Björn Þráinn: Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri í plagginu. Ath. starfsþróun annarra fagmanna í skólum.

Ragnheiður: Líta þarf á kennarann sjálfan sem framkvæmdaaðila starfsþróunar.

Guðmundur: Einhverja sameiginlega sýn, - eða samnefnara vantar.

Kristín: Mikilvægt að skapa sameiginlega sýn og efla hugmyndir um lærdómssamfélag.

Svanhildur: Sérhver þessara liða sem fjallað er um hér eru Pandórubox sem við erum að kíkja í. Fagráðið vinnur úr því sem upp úr boxunum kemur.

d. Sigurjón Mýrdal. Kortleggja sjóðakerfi símenntunar (Vinnuskjal)

Fáir hafa yfirlit um fjárstreymi í símenntunarkerfi kennara. Leggur fram samantekt á sjóðakerfinu sem er flókið fyrirbæri m.a. vegna þokukennendra skilgreininga á hvað sé símenntun og hvað sé starspróun og hvað sé endurmenntun o.s.frv. Fjármagn og fjárstreymi er ólíkt á mismunandi skólastigum.

Nauðsynlegt að skoða alla möguleika sem kennarar hafa til að ná í fjármagn til starfspróunar - innanlands sem utan. Nauðsynlegt er að gera kerfið gagnsætt.

Einstök sveitarfélög eru væntanlega með sín eigin útgjöld til starfspróunar, þótt upplýsingar séu ekki opinberar. Möguleikar erlendra starfspróunarsjóða eru lítt kannaðir.

Björn Þráinn: Mosf. bær setur 35 millj. kr. í starfspróun kennara. Hvað erum við að greiða og hvað erum við að fá í staðin sem sveitarfélag?

Klara: Leikskólakennarar hafa ekki sömu sjóði og grunnskólar. Líklega ekkert til um hvernig sveitarfélög styrkja leikskólakennara til starfspróunar. Námsleyfi eru líka styrkur.

e. Björg Pétursdóttir. Upplýsingaveita um starfspróun.

Gamla nefndin um upplýsingaveituna hittist í vikunni og fór yfir stöðu mála.

Upplýsingaveitan næstum tilbúin og hefur verið prufukeyrð. Leitarvél er mikilvægur hluti.

Nauðsynlegt er að hafa nýja ritnefnd og gerir að tillögu að sama ritnefnd starfi áfram þ.e. Edda, Klara, Guðbjörg, Kristín og Björg. Björg yrði ritstjóri og svo auglýst eftir fleiri tilraunanotendum til að byrja með. Starfsmaður fagráðs kæmi að utanumhaldi.

Ætti að skilyrða að þeir sem fá styrk til að halda námskeið setji auglýsingu um námskeiðið á vefinn? Hvað á að kalla vefinn? Ekki starfspróun kennara heldur einungis starfspróun?

Björn Þráinn: Leggur til heitið Starfspróun fyrir skóla.

Klara: Með efasendir um að öll námskeið ættu að fara á vefinn til upplýsinga fyrir alla þar sem sum námskeið eru fyrir lokaða hópa.

Sitt sýnist hverjum um þetta. (Anna María, Svanhildur)

Sigurjón: Vefurinn var hugsaður í upphafi sem auglýsingatafla með möguleika á persónulegri ferilskrá.

f. Gunnar Gíslason. Vinna að skipulagðri leiðsögn við nýja kennara og stjórnendur á öllum skólastigum

Starfspróun/símenntun er sjaldan metin út frá þeim áhrifum sem hún hefur á kennarann til að framkvæma góð verk á sínum starfsvettvangi. Þ.e. hvernig hún skilar sér í skólastarfsið sjálft og kemur til góða fyrir nemendur kennarans.

g. Gunnar Gíslason. Styrkja starfendarannsóknir í skólum - styðja við lærdómssamfélagið.

Efla þarf skólamenningu og lærdómssamfélög skóla. Tala einnig um menningu kerfisins fyrir ofan, ekki bara menninguna í einstökum skólum. Þurfum að breyta

menningu skóla til að ná árangri í starfsþróun. Efla hópinn í skólunum frekar en einstaklingana. Fagráðið ætti að snúast um að styðja við breytinguna inn í starfi skólanna.

h. Samantekt í lok umræðna

Sigurjón: Hér hafa verið dreginn fram kjarninn í vinnu stýrihópsins, sem nýtist vonandi vel sem umræðugrundvöllur fyrir vinnu fagráðsins 22. nóvember nk. Sigurjón kallar eftir fleiri tillögum og atriðum sem mætti ræða á vinnufundinum.

Kristín: Nauðsynlegt að efni verði sent tímanlega út til fagráðs og vinnuhópar skipulagðir vel fyrirfram svo vinnan verði skilvirk á vinnufundinum. Nauðsynlegt að fá manneskju til að stýra skipulagningu vinnufundarins og vinnufundinum sjálfum.

Björn: Gott væri að fá fagaðila á næsta vinnufund til að leiða okkur inn í vinnuna á vinnufundinum. Fagaðilinn myndi leggja inn fóður í sameiginlega sýn fyrir okkar að vinna út frá og með.

Jón Torfi: Tóninn er sá að ráða þurfi starfsmann, senda út fundargögn, halda góðan vinnufund 22. nóv., halda opið málþing í apríl, standa að Norrænni ráðstefnu í ágúst á næsta ári. Komin eru plögg sem grunnur að vinnu fagráðsins - gott að fá athugasemdir við framlögð plögg. Senda verður út endurunnin gögn fljótlega og tímanlega fyrir vinnufundinn

4. Fjármál fagráðsins

9 millj. kr. fjárveitingu til starfsmanns og verkefna á árinu 2013. Gert var ráð fyrir svipuðu fjármagni árlega.

5. Norræn ráðstefna

Óskað er eftir aðkomu fagráðsins að skipulagningu norrænnar formennskuráðstefnu um starfsþróun kennara í ágúst 2014. Jákvæðar undirtektir á fundinum.

6. Næsti fundur fagráðsins verður vinnufundur í MMR 22. nóv. nk. 10-16. Gögn verða send út með fyrirvara.

Fylskjöl:

- Fundargerð 1. fundar
- Tillaga að auglýsingu um starfsmann
- Nafnalisti.

SM.